



FRÉTTATILKYNNING

Dagsetning: 21. maí 2026


Höfundur: Ester Rut Unnsteinsdóttir

Efni: Nýtt stofnmat fyrir íslenska refastofninn

Náttúrufræðistofnun hefur lokið nýju stofnmati fyrir íslenska refastofninn fram til ársins 2024. Samkvæmt matinu voru um 4.700 fullorðin dýr í stofninum vorið 2024, með 95% öryggismörkum á bilinu 3.800 til 5.842 dýr.

Um nýmæli er að ræða, að lagt sé mat á stofnstærð að vori, því allt frá árinu 1979 hefur stofnstærð refa verið metin að haustlagi fyrir landið í heild. Í eldra stofnmati voru því yrðlingar sem fæddust að sumri sama árs taldir með, enda eru þeir skráðir í veiðinni sem fullorðin dýr. Lífslíkur eru þó lágar á fyrsta ári og aðeins hluti yrðlinga lifir af fyrsta veturinn og getur tekið þátt í tímgun næsta vor. Því er talið nákvæmara að meta fjölda kynþroska einstaklinga sem eru á lífi í upphafi tímgunar að vori.

Samkvæmt nýja stofnmatinu er áætlað að íslenski refastofninn hafi verið um 7.800 dýr vorið 2011 (95% öryggismörk: 7.047–8.246). Refum fækkaði verulega á tímabilinu 2011–2024 og vorið 2024 var stofninn metinn um 4.700 dýr (95% öryggismörk: 3.800–5.842) (1. mynd).



1. mynd. Áætluð stofnstærð íslenska refastofnsins að vorlagi, fullorðin dýr, á tímabilinu 2011–2024 er sýnd með svörtum punktum. Lóðréttu línurnar sýna 95% öryggismörk.



Síðasta stofnmat byggði á áætluðum fjölda refa að haustlagi og var unnið úr aldursgreiningum frá tímabilinu 1995–2020. Það mat sýndi [stofnstærð fram til ársins 2018](#) en það ár var áætluð lágmarksstærð hauststofnsins, fullorðin dýr og yrðlingar, 8.700 dýr.

Aðferðafræði

Stofnlíkanið byggir á greiningu veiðigagna frá sveitarfélögum og aldursgreiningum úr hluta veiðinnar á tímabilinu 2011–2024. Gögnin voru notuð til að meta nýliðun, meðal annars fjölda gota og gotstærð, auk dánartíðni eftir aldri, kyni og árstíma. Dánartíðni var metin bæði vegna veiða og af náttúrulegum orsökum.

Farið var í gegnum gögn úr veiðiskýrslum, krufningum og aldursgreiningum innsendra hræja. Öll gögnin voru endurskoðuð og færð í nýjan gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar. Þar er hver einstaklingur tengdur viðeigandi sveitarfélagi og þar með upplýsingum um veiðitölur frá sama svæði. Aldursgreiningar og önnur gögn voru endurskoðuð og uppfærð aftur til ársins 2011 þannig að hægt væri að byggja áreiðanlegt stofnlíkan frá því ári. Þannig náðist að gera stofnlíkan fyrir 14 ára tímabil, sem jafngildir þremur kynslóðum heimskautarefa samkvæmt skilgreiningum Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCN 2024).

Veiðitölur eru flokkaðar eftir því hvort um er að ræða hlaupadýr, grendýr eða yrðlinga. Dánartíðni vegna veiða er því bæði aldurs- og árstíðabundin. Til dæmis eru læður á grenjum líklegri til að falla vegna veiða en steggir, en utan grenjatíma er dánartíðni vegna veiða hærri meðal steggja. Náttúruleg dánartíðni er jafnframt hærri meðal ungra dýra á fyrsta vetri en meðal eldri dýra. Stofnlíkanið tekur tillit til þessara þátta, auk fleiri breyta. Notuð var Bayesian-aðferðafræði, sem gerir kleift að meta stofnstærð fyrir hvern landshluta sérstaklega.

Náttúrufræðistofnun ber ábyrgð á [vöktun refastofnsins](#). Þróun nýja stofnlíkansins er hluti af verkefninu [Stofngerð íslenska refsins](#), sem styrkt er af Rannís (styrknr. 239591-051). Höfundar líkansins eru Bruce James McAdam, sjálfstætt starfandi tölfræðingur sem meðal annars hefur unnið að stofnmati íslenskra fiskistofna fyrir Hafrannsóknastofnun, og Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun. Aðrir í rannsóknarteyminu eru Nicolas Lecomte, prófessor við Háskólann í New Brunswick í Kanada, Snæbjörn Pálsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Anna Bára Másdóttir, doktorsnemi. Gögnin sem líkanið byggir á eru fengin frá veiðistjórnunarsviði Náttúruverndarstofnunar og frá veiðimönnum víða um land sem hafa sent inn refahræ til rannsókna.

Aðferðafræði og niðurstöður verða kynntar nánar á [málþingi um íslenska refinn](#) sem fram fer 9. júní 2026. Einnig verður stofnlíkanið og niðurstöður þess, efni vísindagreinar sem fyrirhugað er að senda til birtingar í vor.

Þau sem vilja leggja sitt af mörkum til að halda vöktuninni áfram og gera hana sem vandaðasta geta nálgast upplýsingar um [meðferð og sendingu refahræja](#) á vef Náttúrufræðistofnunar.

Nánari upplýsingar veitir [Ester Rut Unnsteinsdóttir](#), spendýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun.



Heimildir:

Bruce J. McAdam, Lecomte, N., Pálsson, S. og Unnsteinsdóttir, E. R. (2025). *Reconstructing demographics of the Icelandic Arctic fox in a Bayesian model. 7th International Conference in Arctic Fox Biology, Churchill, Canada, 26–29 September 2025: Program & abstracts* (bls. 28). https://churchillscience.ca/wp-content/uploads/2025/09/7thAFC_Program_and_Abstracts_FINAL.pdf

Ester R. Unnsteinsdóttir. (2021). Íslenski melrakkinn – Fyrsti hluti. Stofnbreytingar, veiðar og verndun. *Náttúrufræðingurinn* 91(3–4): 97–111. <https://timarit.is/page/7659540#page/n3/mode/2up>

Ester R. Unnsteinsdóttir. (2023). Íslenski melrakkinn – annar hluti. Takmarkandi og stýrandi áhrifaþættir íslenska refastofnsins, fæða og tímgun. *Náttúrufræðingurinn* 93(1–2): 47–58. <https://natturufraedingurinn.is/islenski-melrakkinn-annar-hluti/>

IUCN Standards and Petitions Committee. (2024). *Guidelines for Using the IUCN Red List Categories and Criteria* (Version 16). International Union for Conservation of Nature. <https://www.iucnredlist.org/documents/RedListGuidelines.pdf>